

18. desember 2003

Á nýlegum fundum bankastjórnar Seðlabanka Íslands með forsvarsmönnum viðskiptabankanna og SPRON var ánægjulegt að fá staðfestingu þess að bankar og stærstu sparisjóðir hafa styrkt stöðu sína á árinu. Vonandi nýtist komandi tíð þeim enn frekar í þeim efnum.

Bankastjórnin hefur farið yfir þann lærdóm sem hún telur að draga megí af fundunum. Meginniðurstaðan er sú að áhyggjur sem bankastjórnin lýsti á fundunum, einkum af hröðum vexti útlána og mikilli erlendra fjármögnun til skamms tíma, voru fyllilega tímabærar. Með bréfi þessu ítrekar bankastjórn Seðlabankans þessar áhyggjur.

Vöxtur innlendra útlána hefur aukist hratt undanfarna mánuði. Í heild jukust útlán innlánsstofnana á 12 mánuðum til loka október sl. um tæp 16% sem er meira en samrýmst getur stöðugleika verðlags og efnahagslífs til frambúðar. Nærtækt er að líta til áranna 1998 til 2001 og afleiðingar mikils útlánavaxtar sem átti sér þá stað. Vanskil og útlánatap jukust í kjölfarið og um tíma þrengdi að erlendra fjármögnun banka og sparisjóða. Samdráttarskeiðið og áraunin á fjármálakerfið er nú að baki en að hluta til má þakka það tiltölulega hagstæðum efnahagslegum skilyrðum og snöggum umskiptum að fjármálafyrirtæki urðu ekki fyrir meiri skakkaföllum en raun bar vitni.

Á fundunum kom fram að mikil samkeppni ríkir um útlán til fyrirtækja, einkum stærri og traustari fyrirtækja. Samkeppnin hefur leitt til þess að samdóma álit allra viðmælenda var að áhættuálag á grunnvexti útlána hefði nú lækkað það mikið að það endurspeglaði ekki lengur mögulegt útlánatap. Það gengur ekki til lengdar. Jafnframt eru líkur á að aukin lánsfjármögnun til kaupa í félögum og fasteignum eigi þátt í mikilli hækkun eignaverða á undanförunum misserum. Bankastjórn Seðlabanka Íslands vonar að lánastofnanir hafi lært af sögunni og sýni varfærni við úlánaákvörðanir.

Aukning gengisbundinna lána til lánþega sem ekki hafa tekjur í erlendum gjaldeyri er varhugaverð. Hlutfallsleg aukning útlána hefur verið einna mest til erlendra lánþega en þó hafa gengisbundin lán til innlendra aðila aukist mikið eða um ríflega 28% á síðustu 12 mánuðum. Langt er frá að öll þessi gengisbundnu útlán séu til innlendra fyrirtækja og einstaklinga sem hafa tekjur í erlendum gjaldeyri

eða verji gengisáhættu sína með öðrum hætti. Í þessu felst sérstök áhætta fyrir lántakendur og lánveitendur.

Athyglisvert var einnig að heyra að erlendir bankar hafa dregið úr beinum lánveitingum til íslenskra fyrirtækja. Í stað þeirra koma gengisbundin lán innlendu viðskiptabankanna. Fullyrt var að erlendu bankarnir treystu sér ekki til þess að taka þátt í þeirri hörðu samkeppni sem ríkir um viðskipti stærri fyrirtækja með tilheyrandi lækkun vaxtaálags. Sú spurning er áleitin hvort þessi þróun sé ekki staðfesting á að áhættan í útlánunum sé of lágt metin.

Viðskiptabankar og sparisjóðir hafa í auknum mæli fjármagnað starfsemi sína með erlendum lánum og námu þau í lok nóvember rúmum 700 ma.kr. Tæpur helmingur þessarar fjárhæðar fellur í gjalddaga á tímabilinu til loka nóvember n.k. þannig að endurfjármögnunarbörf bankanna verður afar mikil á næsta ári. Mikilvægt er að halda áfram að lengja lánstíma í erlendri fjármögnun. Erlendar eignir viðskiptabanka og sparisjóða hafa ekki vaxið í sama mæli og erlendar skuldir á tímabilinu. Einnig má benda á að sú þróun sem felst í að einstakar skuldabréfaútgáfur í erlendri mynt hafa orðið sífellt stærri eykur enn á endurfjármögnunaráhættuna. Bankastjórn Seðlabanka Íslands ítrekar áhyggjur sínar af þessari þróun og endurfjármögnunaráhættunni sem þetta skapar fyrir íslenska fjármálakerfið.

Á þessu ári hafa aðstæður á erlendum mörkuðum verið með hagstæðasta móti fyrir skuldabréfaútgáfur íslenskra banka. Að hluta er skýringa að leita í bættu lánshæfismati sem ríkissjóður Íslands og viðskiptabankarnir njóta svo og aukinnar reynslu í lánsfjáröflun á nýjum mörkuðum. Engu að síður er óvarlegt að treysta því að aðstæður verði ávallt jafn hagstæðar og nú er. Reynslan sýnir annað. Breyttar aðstæður á erlendum skuldabréfamarkaði sem og breytt afstaða lánveitenda til aðstæðna hér á landi gætu þrengt fjáröflunarmöguleika frá því sem nú er. Eins er vert að hafa í huga möguleg smitáhrif af misheppnuðum útboðum og viðnám á mörkuðum ef margir íslenskir lántakendur leita lánsfjár á sama tíma.

Matsfyrirtæki og alþjóðlegar efnahagsstofnanir hafa ítrekað beint sjónum sínum að erlendum skuldum Íslands, ekki síst miklum skammtímaskuldum. Hið opinbera og Seðlabankinn hafa bætt stöðu sína en staða annarra hefur versnað á síðustu árum. Horfur eru á halla í viðskiptum við útlönd næstu árin og áframhaldandi skuldaaukningu. Lakara lánshæfismat ríkissjóðs myndi hafa alvarlegar afleiðingar fyrir endurfjármögnun lánakerfisins í heild. Ríkissjóður og bankarnir hafa því sameiginlega hagsmuni af því að standa vörð um gildandi lánshæfismat og treysta það eftir því sem unnt er. Raunar skiptir miklu fyrir skuldugt þjóðarbúið að kjör séu góð á erlendum lánum þess.

Mikilvægt er í þessu samhengi að bankarnir reiði sig í minni mæli á erlenda skammtímaffjármögnun.

Að lokum hvetur bankastjórn Seðlabanka Íslands banka og sparisjóði til að nýta þau tækifæri sem gefast á næstu misserum til að styrkja stöðu sína enn frekar með því að gæta hófs í útlánum og jafnvægis í fjármögnun.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Birgir Ísl. Gunnarsson
formaður bankastjórnar

Eiríkur Guðnason
bankastjóri

Jón Sigurðsson
bankastjóri

Afrit: Fjármálaeftirlitið